



NÚVERANDI ÁSKORANIR

Gengur mjög vel í vinnunni og hann hefur fengið hrós frá næsta yfirmanni. Hann er ekki nógu góður í íslensku og það hefur verið að hamla honum. Sérstaklega varðandi upplýsingagjöf á vinnustaðnum.

Hann hefur stundum heyrt út í bæ að vinnustaðurinn hafi verið fá einhverja viðurkenningu eða vottun. Póstar þar sem upplýst er um eitthvað sem hefur farið úrskaiðis eru oft þýddir á ensku en t.d. auglýsingar um starfsmannaskemmtun ekki.

Margt svona sem angrar hann og honum finnst hann stundum svolítið utanveltu.

BERNARDO

VERKEFNASTJÓRI

ALDUR 36

KYN Karl

ÞJÓÐERNI Portúgalskur

FJÖLSKYLDUAÐSTÆÐUR Einstæður, búinn að búa og vinna á Íslandi í 2 ár.

STARF/FERILL Verkefnastjóri hjá nýsköpunarfyrirtæki í hugbúnaðargeiranum. Er með BA próf.

VIÐHORF OG TILFINNINGAR

- Hann langar mikið til að læra íslensku til að eiga meiri möguleika á starfsþróun innan vinnustaðarinnar og geta verið virkari þátttakandi í félagslífi vinnustaðarinnar.
- Honum finnst hann stundum gleymast og þá sérstaklega er varðar upplýsingagjöf.

HVATNING

- Honum gengur vel í vinnunni og skilar af sér á réttum tíma.
- Hann hefur fengið hrós frá yfirmanni sínum sem hefur hvatt hann áfram og hvatt hann til að fara í íslenskunám.
- Hann sér fyrir sér að ilengjast herna og sér íslenskunám sem forsendu þess að geta þrífist og dafnað í vinnunni og íslensku samfélagi almennt.

VINNUAÐSTÆÐUR

- Bernardo leiðir nokkuð stórt fjölþjóðlegt samstarfsverkefni hjá fyrirtækinu, en það var einmitt í gegnum svoleiðis verkefni sem hann var ráðinn til starfa á Íslandi.
- Þar sem verkefnið er fjölþjóðlegt þá er vinnutími Bernardos nokkuð óreglulegur og því erfitt fyrir hann að skipuleggja sig langt fram í tímann.
- Verkefnið fer að öllu leyti fram á ensku, svo íslenskukunnátta er ekki nauðsynleg í þeim skilningi.
- Bernardo og samstarfsfólk hans er allt mjög fært í ensku þannig að það er heldur ekki vandamál þannig séð.
- En oft fara samskipti milli samstarfsfólks eðlilega fram á íslensku og þá finnst honum hann ekki vera hluti af hópnunum.

Spurningar stjórnanda

- Bernardo er frábær í að leiða svona samstarfsverkefni og við erum stöðugt með svoleiðis verkefni í gangi. Ég vil endilega halda honum. Getum við boðið honum íslenskukennslu í vinnunni?
- Getum við greitt fyrir hann íslenskunám?
- Hvað er í boði hjá stéttarfélagum?
- Er eðlilegt að ætlast til þess að hann læri íslensku á sínum eigin tíma þegar vinnutími hans er svona óreglulegur?

Spurningar samstarfsfólks

- Bernardo er topp eintak og stefnir á að vera hjá okkur lengi, það væri betra ef hann gæti tjáð sig á íslensku. Stundum áttar maður sig ekki á því að maður er að tala saman á íslensku meðan hann situr hjá okkur og skilur voða lítið. Það er eiginlega ekki hægt að ætlast til þess að maður sem vinnur svona mikið hafi tíma utan vinnu til að læra íslensku.
- Væri það nokkuð stórmál að hann fengi íslenskukennslu á vinnutíma?
- Hvaða áhrif hefði það á okkur, vinnufélaga hans?
- Myndi það bæta miklu vinnuálagi á okkur?



Spurningar einstaklingsins

- Ætli ég gæti fengið að nýta vinnutímann til að læra íslensku?
- Eða ætli fyrirtækið sé tilbúið að koma einhvern veginn til móts við mig?
- Hvernig get ég komið þessum athugasemdum um upplýsingagjöfina rétt frá mér?
- Er ég að fara fram á of mikið?

Spurningar stefnumótenda

- Hvaða stefnu höfum við varðandi upplýsingagjöf á vinnustaðnum?
- Er nokkuð mál að hafa alla pósta og tilkynningar bæði á íslensku og ensku?
- Getum við hafið slíka vinnu?
- Getum við á einhvern hátt komið til móts við hann með íslenskunám?
- Þurfum við kannski að gera það?
- Hvað segja kjarasamningar og lög um þetta?